

Nefndasvið
skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Neskaupstaður 27. janúar 2003

Varðar:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum

Náttúrustofu Austurlands (NA) hefur borist beiðni frá Umhverfisstofnu Alþingis um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Tilgangur þessara lagabreytinga er að draga úr rjúpnaveiði.

Í fyrstu greininni er skýrt tekið á því að notkun vélsleða og fjórhjóla skuli vera bönnuð við rjúpnaveiðar. NA er þessu sammála og fagnar sérstaklega þessari tillögu. Allt of lengi hefur það tíðkast og af allt of mörgum að ganga ekki til rjúpnaveiða heldur þeysa um á þessum tækjum. Ljóst er að slík ofnotkun hefur ekki síður verið á Austurlandi en annars staðar.

NA er sammála tillögu um sölubann næstu fimm árin og styttingu veiðitímans eins og boðað er.

Hætt er við að notkun fjórhjóladrifsbíla mundi aukast í kjölfar banss við notkun vélsleða og fjórhjóla. Því er brýnt að öllum verði það ljóst og fylgst nákvæmlega með því að slík faratæki verði einungis notuð "... til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum." Í framhaldi af því þarf að liggja ljóst fyrir hvar merktir vegaslóðar eru en NA telur að þau mál séu í ólestri á Austurlandi.

NA vill að lokum benda löggjafanum á að auka þarf eftirlit í kjölfar þessara breytinga á lögnum. Ef það er ekki gert, gæti verið betra heima setið en af stað farið. Einnig þarf að vera tryggt að fjármagn fái á áframhaldandi vöktun á rjúpnastofninum og til rannsókna sem meta áhrif þessara aðgerða.

Virðingafyllst

Guðrún Á. Jónsdóttir
Skarphéðinn G. Þórisson